

Skýrsla stjórnar starfsárið 2020



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
SKIPAN STJÓRNAR	4
Rekstur og afkoma félagsins.....	4
Félagatal	4
VOTTUN	5
Vottanir starfsársins	5
Matsmenn	5
UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL.....	5
Fréttabréf og vefsvæði	5
VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR	5
ERLENT SAMSTARF	6
Nordnet fundir.....	6
SAMANTEKT	7


INNGANGUR

Starfsárið sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu mætti allt eins kalla „árið sem hvarf“. Starfsár félagsins var varla hafið - í marsmánuði fyrir réttu ári - þegar heimsfaraldurinn skellti öllu í lás. Líkt og á flestum sviðum samfélagsins, höfðu samkomutakmarkanir og önnur viðbrögð við faraldrinum afgerandi áhrif á starfsemi félagsins.

Reglulegir, árlegir viðburðir eins og dagur verkefnastjórnunar í maí og haustráðstefnan í október, voru einfaldlega felldir niður, sem og veiting viðurkenninga fyrir lokaverkefni í meistaranámi verkefnastjórnunar. Þeir viðburðir sem félagið stóð að fóru allir fram í fjarfundi og sömu sögu má segja um erlent samstarf félagsins – allir fundir fóru fram með rafrænum hætti.

Tekjur félagsins drógust eðlilega saman vegna þessa ástands en það gerðu gjöldin einnig. Vottunum fækkaði verulega frá árinu áður en aðstæður kröfðust nýrra lausna og rafræn próf eru nú nýja normið. Neyðin kennir naktri konu að spinna og áskoranir samkomutakmarka hafa mótað nýjar leiðir sem margar eru ákjósanlegri í stóra samhengi hlutanna. Þannig breyttu IPMA – alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga – fundum sínum í fjarfundi og starfsreglum sínum þannig að löglegt væri að greiða atkvæði um málefni félagsins með rafrænum hætti. Einnig buðu sömu samtök upp á rafræna ráðstefnu um verkefnastjórn síðasta haust, sem verkefnastjórnunarfélagið auglýsti í stað haustráðstefnu sinnar. Fyrir vikið hefur ferðalögum fækkað verulega sem auðvitað er jákvæð þróun fyrir loftlagsmál og kolefnisspor starfseminnar.

Stjórn félagsins lagði upp með það í upphafi þessa starfsárs að endurskoða þyrfti stefnumið og áherslur félagsins, frá stefnumótunavinnu sem fram fór á 30 ára afmælisári félagsins árið 2014.



Mynd 1 Hlutverk félagsins, sýn, kjarnahæfni og gildi

Aðstæður heimsfaraldurs höfðu áhrif á þessa fyrirætlan stjórnar eins og aðrar og seinkaði þessari vinnu. Undir lok starfsársins voru þó haldnir nokkrir árangursríkir vinnufundir um málið og niðurstaðan var að stefnumið félagsins sem dregin eru fram á myndinni hér að ofan standist tímans tönn. Fremur þurfi að skerpa áherslur og velja vandlega úr fjölmörgum hugmyndum að þeim markmiðum. Það verður helsta viðfangsefni komandi stjórnar ásamt því að búa okkur undir stóra úttekt frá IPMA á vottunarferli félagsins í haust.

SKIPAN STJÓRNAR

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins þann 5. mars 2020. Eftir 2ja ára fundarsetu gengu þau Ásdís Jóhannesdóttir, David Lynch, Haukur Ingi Jónasson og Linda Björg Hávarðardóttir úr stjórn félagsins. Þau gáfu öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu fyrir utan Hauk Inga. Eitt framboð til stjórnar barst, frá Óskari Friðrik Sigmarssyni. Þar sem fjögur framboð bárust í fjögur laus stjórnarsæti voru frambjóðendur sjálfkjörnir.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 28. maí 2021 skipti stjórn með sér verkum. Þór Hauksson var valinn formaður, David Lynch varaformaður, Ásdís Jóhannesdóttir gjaldkeri og Linda Björk Hávarðardóttir ritari. Meðstjórnendur Eiríkur Steinn Búason, Íris Arnlaugsdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir og varamaður, Óskar Friðrik Sigmarsson.

Rekstur og afkoma félagsins

Aðalfundurinn var vart liðinn er COVID-19 aðgerðir hófu að hafa áhrif á alla starfsemi í heiminum, þar var VSF ekki undanskilið.

Helsta verkefni ársins var innleiðin á Microsoft Office 365, þ.e. Outlook tölvupóstur og öll hefðbundin skrifstofuferfi ásamt Teams. Samningur um innleiðingu og hýsingu þessara kerfa var gerður við þekkingu – Tristan hf.

Þá voru miklar vangaveltur innan vottunarhluta IPMA um framkvæmd vottunar í samkomubanni og 2ja metra reglu. IPMA lagði til við vottunarskrifstofur sínar að gera prófin rafræn og innleiða hugbúnaðinn Moodle. Hefur VSF fylgt þessu og byrjaði um haustið 2020 að leggja fyrir rafræn próf og að innleiða Moodle. Verða prófin héðan í frá rafræn.

Heimfaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á tekjur og gjöld félagsins. T.d. lækkuðu tekjur félagsins um 27% á milli ára og drógust saman á öllum þremur tekjustofnum félagsins, mest lækkuðu tekjur af ráðstefnuhaldi, um 94% og tekjur af vottun um 23%. Tekjur af félagsgjöldum lækkuðu um 10%.

Gjöldin hafa einnig breyst eins og gefur að skilja. Mest lækkaði ráðstefnu og fundakostnaður, um 93% og laun og launatengd gjöld um 27%, Aðeins aðkeypt þjónusta hækkaði gjalda megin vegna innleiðingar á Office 365.

Gerð var hreinsum á útistandi skuldum og voru afskrifaðar 548.300 krónur. Þá var tölvubúnaður sem hafði verið eignfærður einnig afskrifaður bókhaldslega.

Á árinu 2021 verða 3 ár frá því að IPMA CVMB (vottunarhluti IPMA) vottaði starfsemi VSF. Það er því komið að stórri úttekt í ár og óhjákvæmilega þarf að leggja kostnað og tíma í undirbúning á úttektinni.

Að kröfu IPMA bar VSF að koma á fót „Scheme committee“ og Innri endurskoðun í tengslum við vottunarstarfsemina, en starfslýsing þessara nefnda er að finna í ICR4. Engin starfsemi var framkvæmd á vegum þessara nefnda, má þar helst kenna COVID19 um.

Félagatal

Ávallt er einhver hreyfing á félagatalinu. Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga IPMA innheimtir skatt af hverjum greiðandi félagi. Samkvæmt IPMA talningu eru félagar í VSF árið 2019 268, voru 297, 2019. Hvert fyrirtæki telur skv. IPMA sem 5 greiðandi félagar. 40 fyrirtæki, fækkar um 6 frá árinu áður og 79 einstaklingar voru skráðir í félagið, voru 67 árið 2019. Félagar sem fá sent fréttabréf frá félaginu eru rétt tæplega 400.

VOTTUN

ICB4 var að fullu innleitt árið 2019. Í haust verða liðin 3 ár frá því að ICB4 fékk úttekt vottunarmanna (*Validators*) IPMA. Það stýttist því í stóra úttekt, en hún er framkvæmd á 3ja ára fresti.

Vottanir starfsársins

Vottunum ársins 2020 fækkaði verulega. Engir erlendir hópar eða aukahópar sóttu um vottun á árinu. Árið 2019 komu 10 hópar í vottun en 2020 einungis 5

Ár	A stig	B stig	C stig	D stig	Alls
Frá upphafi (1997)	1	87	192	1971	2250
2018		5	9	169	183
2019		2	6	175	183
2020		1	6	144	151

Nokkrir umsækjendur eiga eftir að skila skýrslu og fara í viðtal en skv. reglum IPMA hafa umsækjendur eitt og hálf tölur til þess að ljúka vottunarferlinu. Að mati sumra matsmanna er þetta of langur tími og mun VSF leggja til að stýting þessa tíma verði rædd á næsta IPMA fundi vottunaraðila, á CSP í lok mars.

Samstarf við menntastofnanir og kynningar varðandi vottun voru með minna móti vegna samkomutakmarkana, nokkrar þó á ZOOM.

Matsmenn

Matsmanna hópurinn er nokkuð stöðugur. Nokkrir eldri matsmenn báðust undan vottunarstörfum á síðasta ári. Félagið vill þakka þeim Kolbeini Kolbeinssyni og Sigurði St. Arnalds fyrir þeirra frábæru störf í þágu félagsins.

Í janúar 2020 var haldinn vinnufundur með matsmönnum þar sem farið var yfir vottanir ársins 2019, endurgjöf frá umsækjendum, verklag og verklagsreglur og rætt um hvað gera mætti betur. Stefnt er á slíkan fund síðar á árinu þegar slakað verður frekar á samkomutakmörkunum.

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins er með ýmsum hætti, aðallega þó rafrænum; með fréttabréfum, auglýsingum og öðru efni tengdu verkefnastjórnun.

Fréttabréf og vefsvæði

Á árinu 2020 hafa verið send út 18 rafræn auglýsinga- og fréttabréf til félagsmanna með kynningum á fundum og viðburðum auk upplýsinga og fróðleiks sem stjórn félagsins telur að eigi erindi við félagsmenn. Félagið heldur úti vefsvæði fyrir félagið www.vsf.is. Þar má finna upplýsingar um félagið, vottunarferlið, fundi og viðburði. Félagið rekur fyrir NORDNET vefinn www.pmnordnet.org. Fyrir ráðstefnuhald notar félagið netfangið www.verkefnastjornun.is. VSF er einnig skráð fyrir léninu www.ipma.is, en það vísar á vsf.is.

VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR

VSF stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu þó svo að þeir væru í færra lagi sökum samkomutakmarkana. Í töflu 1 má sjá samantekt helstu viðburða félagsins á starfsárinu;

Tafla 1 Yfirlit helstu viðburða á vegum VSF á starfsárinu

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
9.1.2020	Engjateigur 9	Vinnustofa	Morten Fangel

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
21.1.2020	Engjateigur 9	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
28.2.2020	Landsnet	Verkefnastjórnun hjá Landsneti	Unnur Helga Kristjánsdóttir
5.03.2020	Engjateigur 9	Aðalfundur	
10.9.2020	Fjarfundur	IPMA Research Conference - Projects as arena for self-organizing	IPMA og GPM
9.10.2020	Fjarfundur	Aðferðir og verkfæri verkefnastjórnunar	Laufey Ása Bjarnadóttir
12.10.2020	Fjarfundur	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
26.10.2020	Fjarfundur	IPMA Global Best Practice Week	IPMA
3.12.2020	Fjarfundur	Fjárhagsleg endurskipulagning eða hamskipti	Helgi Þór Ingason
8.12.2020	Fjarfundur	Árangursrík teymi og leynihráefnið	Áslaug Ármannsdóttir og Laufey Guðmundsdóttir

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf félagsins var all sérstakt. Allir fundir og samskipti fóru fram með hjálp fjarfundabúnaðar. Framkvæmdastjóri tók þátt í 16 fjarfundum á vegum IPMA auk þátttöku í CSP, *Certification System Panel* sem fjallar um vottunarmál og CoD fundi aðildarfélaganna ásamt Þór Haukssyni.

Nordnet fundir

Danir tóku við forystu af Lettum í Nordnet, samtökum norrænu IPMA aðildarfélaganna. Allir fundir og samskipti voru rafræn og sat framkvæmdastjóri 4 formlega Nordnet fundi.

Fundarefni þessara funda er að vanda fjölbreytt. Skipst er á upplýsingum um starfið í hverju landi fyrir sig. Nýr samstarfssamningur var undirritaður og stefnumótun samtakanna samþykkt, en hún byggir að mestu á stefnumótunarvinnu sem unnin var innan VSF og Þór Hauksson leiddi.

Helstu mál fundanna voru að venju ýmis mál er varða rekstur samtakanna; fjármál, markaðsmál, aðild að samtökunum, fræðslumál, vottanir, heimsráðstefnan og síðast en ekki síst varnarviðbrögð IPMA og aðildarlandanna við COVID-19 faraldrinum og aðlögun að nýjum veruleika.

SAMANTEKT

Segja má að „starfsárið sem hvarf“ hafi sannarlega falið í sér óvænta áskorun í starfsemi félagsins á tímum heimsfaraldurs – líkt og í heiminum öllum. Aðstæður kölluðu á aðlögun starfseminnar á ýmsan máta og í mörgum tilfellum á nýjar leiðir sem í margar hverjar eru eflaust komnar til að vera.

Þetta ófyrirsjáanlega ár hefur ýtt við manni á ýmsan hátt og óhjákvæmilega hefur þurft að hugsa marga hluti upp á nýtt. Það sama gildir um starfsemi félags eins og verkefnastjórnunarfélagsins. Til þess að skapa öflugt og lifandi þekkingarsamfélag um verkefnastjórnun þarf að hugsa marga hluti upp á nýtt og okkar von er að áherslur og hugmyndir vinnufunda stjórnar geti orðið góður grunnur að því á næstu mánuðum og árum.

*Fyrir hönd stjórnar,
Þór Hauksson
Formaður VSF*